

Nr. 137 / 13 Bíldsey II SH 63**Vélarbilun og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 2650
Smíðaður: Hafnarfirði 2004 plast
Stærð: 11,29 brl. 14,84 bt.
Mesta lengd: 12,43 m Skráð lengd: 11,33 m
Breidd: 3,73 m Dýpt: 1,46 m
Vél: Yanmar 368 2008
Fjöldi skipverja: 2



Bíldsey ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 14. febrúar 2014 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni og Hilmari Snorrasyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 26. ágúst 2013 var Bíldsey II SH 63 á færaveiðum undan Snæfellsnesi. Veður: SV 5-8 m/sek

Þegar báturinn var staddur um eina sjómílu undan Svörtuloftum varð skipstjóri var við ókennileg hljóð frá vélinni. Hann hélt þegar til lands á hægri ferð en norður af Rífi ágerðust hljóðin svo hann stöðvaði vélina og óskaði eftir aðstoð. Björgunarskipið Björg dró Bíldsey II inn til Ólafsvíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að skolloftskælirinn hafði ekki verið hertur saman eftir vélarupptekt þannig að sjór komst inn á vélina. Ítrekað hafði verið skipt um smurolú þar sem hún varð alltaf grá án þess að skýringar hefðu fundist þar til þetta gerðist. Um talsverðar skemmdir var að ræða.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.